



Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi

Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Birting lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísur er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og veikleika og skilja þarfir íbúanna þannig að hægt sé að vinna að því að bæta heilsu og líðan.

Hvað hefur áhrif á heilsu og líðan?

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan einstaklinga. Sumum áhrifaþáttum heilsu er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifaþættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði og hreyfingu og samskipti við fjölskyldu og vini. Lífsskilyrði eins og framboð og aðgengi að menntun, atvinnu, húsnæði, heilbrigðis- og félagsþjónustu hafa einnig mikil áhrif á heilsu og líðan svo fátt eitt sé nefnt (Dahlgren G, Whitehead M, 1991). Með því að hafa heilsu og líðan að leiðarljósi í allri stefnumótun og aðgerðum má skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólum, á vinnustöðum og almennt í samfélögum, sem stuðla að heilbrigðari lifnaðarháttum, betri heilsu og líðan og minnka ójöfnuð m.t.t. heilsu.



Dahlgren G, Whitehead M. 1991. Policies and Strategies to Promote Social Equity in Health. Stockholm, Sweden: Institute for Futures Studies.

Svæðisbundinn munur á heilsu – ójöfnuður

Svæðisbundinn munur á heilsu og líðan er þekktur um allan heim. Til þess að draga úr svæðisbundnum munur á heilsu og líðan þarf að fylgjast með mælikvörðum sem gefa þennan munur til kynna og miðla upplýsingum til þeirra sem starfa á vettvangi. Hjá Embætti landlæknis er unnið að heilsuefingu

Suðurnes

Hér eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir Suðurnes eru frábrugðnar tölum fyrir landið í heild.

- Fjölgun íbúa yfir landsmeðaltali
- Ölvunardrykkja framhaldsskólanema undir landsmeðaltali
- Hlutfall framhaldsskólanema sem hefur prófað kannabis er undir landsmeðaltali
- Gosdrykkjaneysla bæði framhaldsskólanema og fullorðinna er hæst á landinu
- Streita fullorðinna er yfir landsmeðaltali
- Fleiri sjúkrahúslegur vegna langvinnrar lungnateppu

á heildrænan hátt í gegnum Heilsueflandi samfélag og Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem áhersla er lögð á að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan allra. Á grundvelli svæðisbundinna lýðheilsuvísa og Heilsueflandi samfélags geta sveitarfélög og heilbrigðisþjónusta unnið saman að því að bæta heilsu og líðan íbúanna.

Val á lýðheilsuvísunum

Við val á lýðheilsuvísunum var sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsuefingar og forvarna. Einnig var leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum. Mikilvægar stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði lýðheilsu eru hafðar til hliðsjónar. Þar má nefna stefnu velferðarráðuneytisins um lýðheilsu og aðgerðir sem stuðla að Heilsueflandi samfélagi frá 2016, stefnu Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsu kvenna frá 2016, aðgerðaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna langvinnra sjúkdóma frá 2013 og árlegar starfsáætlanir Embættis landlæknis.

Gögn

Margvísleg gögn liggja til grundvallar útreikningum lýðheilsuvísa. Notuð eru gögn úr heilbrigðisskrám og könnunum landlæknis, gögn úr könnunum Rannsóknna og greininga og Háskólans á Akureyri og gögn frá Hagstofu Íslands og Sjúkratryggingum Íslands. Birtar eru upplýsingar úr gögnum sem nýjust eru hverju sinni.



- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki er prófað fyrir marktækni
- | Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

Lýðheilsuvísir		Ár	Umdæmi	Ísland	Eining	Suðurnes
Samfélag	1 Íbúafjöldi	2016	23.251	335.439		
	2 Íbúafjöldi (fjölgun/fækkun)	2012-16	9,6	4,6	%	
	3 Íbúar ≥ 80 ára	2016	2,4	3,6	%	
	4 Kynjahlutfall	2016	1,08	1,02	kk/kvk	
	5 Fæðingartíðni	2012-16	55,6	54,1	Á 1.000	
	6 Lesskilningur (10. b.)	2015	71,1	77,8	%	
	7 Háskólamenntaðir	2016	20,6	37,8	%	
	8 Ráðstöfunartekjur	2015	3.251	3.352	1.000 kr	
Lífnaðarhættir	9 Hamingja fullorðinna	2016	61,3	61,0	%	
	10 Hamingja (8.-10. b.)	2016	83,5	84,2	%	
	11 Líkamsmynd stúlkna (8.-10. b.)	2016	56,1	56,0	%	
	12 Ofbeldi og stríðni (5.-7. b.)	2017	16,5	14,8	%	
	13 Einmanaleiki framhaldsskólanema	2016	10,0	10,7	%	
	14 Stuttur svefn framhaldsskólanema	2016	71,1	70,3	%	
	15 Streita fullorðinna	2016	29,0	22,2	%	
	16 Virkur ferðamáti í vinnu/skóla, fullorðnir	2016	10,4	20,3	%	
	17 Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi (8.-10. b.)	2016	55,1	55,3	%	
	18 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	2016	8,9	10,1	%	
	19 Gosdrykkjaneysla framhaldsskólanema	2016	33,0	24,1	%	
	20 Gosdrykkjaneysla fullorðinna	2016	25,3	18,0	%	
	21 Áhættudrykkja fullorðinna	2016	27,4	28,0	%	
	22 Ölvunardrykkja framhaldsskólanema	2016	36,4	38,3	%	
	23 Reykingar fullorðinna	2016	12,5	10,2	%	
	24 Tóbaksnotkun í vör, framhaldsskólanemar	2016	22,2	19,7	%	
	25 Prófað kannabis, framhaldsskólanemar	2016	17,1	20,0	%	
Heilsa og sjúkdómar	26 Meta andlega heilsu sæmilega/lélega, fullorðnir	2016	30,4	27,6	%	
	27 Þunglyndislyfjanotkun, kk	2016	81,9	94,2	DPD	
	28 Þunglyndislyfjanotkun, kvk	2016	160,7	168,3	DPD	
	29 Blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlín	2016	40,8	33,5	DPD	
	30 Háþrýstingslyfjanotkun	2016	282,5	261,6	DPD	
	31 Blóðfiitulækkandi lyf	2016	85,1	87,6	DPD	
	32 Langv. lungnateppa, sjúkrahúslægur, kk	2012-16	292,1	155,9	Á 100.000	
	33 Langv. lungnateppa, sjúkrahúslægur, kvk	2012-16	399,0	234,2	Á 100.000	
	34 Ótímabær dauðsföll v/ langv. sjúkdóma	2012-16	28,9	22,7	%	
	35 Dánartíðni vegna krabbameina	2012-16	248,0	187,1	Á 100.000	
	36 Sýklalyfjaávinanir < 5 ára	2016	1.362	1.269	Á 1.000	
	37 Bólusetningar barna, 12 mánn.	2016	87,6	87,9	%	
	38 Inflúensubólusetning ≥ 60 ára	2016-17	17,3	22,6	%	
	39 Leghálskrabbameinsskoðun	2015	62,0	71,0	%	
	40 Brjóstamyndataka	2015	48	58	%	
	41 Liðskiptaaðgerðir á mjöðm	2012-16	208	233	Á 100.000	
	42 Biðlisti eftir hjúkrunarrými, ≥ 67 ára	2016	12,1	7,6	Á 1.000	
	43 Heilsugæsluheimsóknir	2015	3,1	2,7	Á íbúa	
	44 Sérfræðingsheimsóknir	2016	1,3	1,5	Á íbúa	

Skýringar

1. Hagst. 2. Hagst. 3. Hagst. 4. Hagst. 5. Fs. Lífandi fædd börn á 1.000 konur 15-49 ára. 6. Mms. Lágmarkshæfni í lesskilningi í PISA. 7. Hagst. 25-74 ára. 8. Hagst. Vegið miðgildi ráðstöfunartekna skattgr. ≥ 16 ára. 9. Vöktun. Svára 8-10 á hamingjuvarða (1-10). 10. R&G. Mjög/nokkuð hamingjusöm. 11. R&G. Mjög/nokkuð ánægðar með líkama sinn. 12. R&G. Beitt(ur) ofbeldi og/eða stríðni og/eða skilin(n) útundan í skóla ≥ 2 í mánn. 13. R&G. Oft einmana sl. viku. 14. R&G. ≤ 7 klst/nóttu. 15. Vöktun. Finna oft/mjög oft fyrir mikilli streitu. 16. Vöktun. Ganga/hjóla ≥ 3x í viku. 17. R&G. Æfa íþróttir ≥ 3x í viku. 18. Vöktun. Borða grænmeti og ávexti ≥ 5x/dag. 19. R&G. Sykraðir og/eða sykurlausir ≥ daglega. 20. Vöktun. Sykraðir og/eða sykurlausir ≥ daglega. 21. Vöktun. AUDIT-C samreikningur eftir kyni. 22. R&G. ≥ 1x sl. mánn. 23. Vöktun. Daglega. 24. R&G. ≥ 1x sl. mánn. 25. R&G. Prófað ≥ 1x um ævina. 26. Vöktun. 27. Lgg. ATC: N06A. Aldurst. 28. Lgg. ATC: N06A. Aldurst. 29. Lgg. ATC: A10B. Aldurst. 30. Lgg. ATC: C02, C03, C07, C08, C09. Aldurst. 31. Lgg. ATC: C10. Aldurst. 32. Vss. ICD-10: J40-J44.9, J47 (ekki Asmi). Aldurst. ≥ 15 ára. 33. Vss. ICD-10: J40-J44.9, J47 (ekki Asmi). Aldurst. ≥ 15 ára. 34. Dms. ICD-10: I00-I99, C00-C97, E10-E14, J30-J98. 35. Dms. ICD-10: C00-C97. Aldurst. 36. Lgg. ATC: J01. Aldurst. 37. Bss. Uppsafnað, árg. 2015. DTaP-IVP-Hib. 38. Bss. Uppsafnað, ≥ 60 ára. 39. Krs. Uppsöfnuð 3,5 ára mæting 23-65 ára. 40. Krs. Uppsöfnuð 2 ára mæting 40-69 ára. 41. Vss. NCSP: NFB, NFC. Aldurst. 42. Fhs. ≥ 67 ára. 43. Sh. Öll viðtöl. 44. Sí.

Marktækt er miðuð við 95% öryggismörk (p<0,05).

Aldurstöðull (Aldurst.) er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Sama staðalþýði er notað fyrir öll heilbrigðisumdæmi, konur og karla. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er túlkú sem sú tíðni sem fengist hefði ef aldrursdreifing hvers heilbrigðisumdæmis væri sú sama og í staðalþýðinu (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

DPD: Skilgreindir dagskammtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Gögn: Bólusetningaskrá (Bss), Dánarmeinaskrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Færni- og heilsumatsskrá (Fhs), Hagstofa Íslands (Hagst.), Krabbameinsskrá (Krs), Lyfjagagnrunnur (Lgg), Menntamálastofnun (Mms), Rannsóknir og greining (R&G), Samskiptaskrá heilsugæslustöðva (Sh), Sjúkratryggingar Íslands (Sí), Vistunarskrá sjúkrahúsa (Vss), Vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis (Vöktun).